

REIKNINGUR

Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir árið 2017.

Rekstrarreikningur ársins 2017

	þús. kr.
Vaxtatekjur	
Vaxtatekjur	2.280.366
Verðbætur	3.830.218
Lántökugjöld á námslán	<u>106.167</u>
	<u>6.216.750</u>
Vaxtagjöld	
Vaxtagjöld	3.529.071
Verðbætur	1.636.545
Lántökugjöld tekinna lána	<u>25.000</u>
	<u>5.190.616</u>
Hreinar vaxtatekjur (vaxtagjöld)	1.026.134
Aðrar rekstrartekjur	
Tilkynningargjald	68.458
Aðrar rekstrartekjur	<u>9.416</u>
	<u>77.874</u>
Önnur rekstrargjöld	
Laun og launatengd gjöld	274.759
Annar rekstrarkostnaður	258.588
Vaxtastyrkir til námsmanna	91.903
Afskriftir rekstrarfjármuna	<u>56.855</u>
	682.105
Framlag á afskriftarreikning útlána	<u>3.504.317</u>
	<u>4.186.422</u>
Halli án ríkisframlags	(3.082.414)
Framlag ríkissjóðs	<u>7.965.900</u>
Tekjuafgangur ársins	<u><u>4.883.486</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður 11.267.016

Útlán

Gjaldfallnar afborganir og vextir útlána, önnur skuldabréf 9.949.969

Námslán 1976-1982 (V-lán) 172.537

Nr. 595/2018

Námslán 1982-1992 (S-lán)	18.888.771
Námslán 1992-2005 (R-lán)	20.609.167
Námslán frá 2005 (G-lán)	184.852.989
Markaðskjaralán	<u>22.759</u>
	234.496.193
Afskriftarreikningur útlána	<u>(50.878.663)</u>
	<u>183.617.531</u>
Aðrar eignir	
Rekstrarfjármunir	173.800
Ríkissjóður, viðskiptareikningur	1.095.226
Aðrar kröfur	<u>21.921</u>
	<u>1.290.947</u>
Eignir alls	<u>196.175.494</u>
Skuldir og eigið fé	
Skuldir	
Langtímalán	
Skuldir í íslenskum krónum, verðtryggð lán	<u>97.757.793</u>
Aðrar skuldir	
Ríkissjóður, viðskiptareikningur	0
Ríkissjóður vegna jöfnunarstyrkja	94.955
Áfallnir vextir	2.171.275
Lánardrottinn	<u>59.911</u>
	Skammtímaskuldir
	<u>2.326.141</u>
	Skuldir
	<u>100.083.934</u>
Eigið fé	96.091.560
Skuldir og eigið fé alls	<u>196.175.494</u>

Sjóðstreymi ársins 2017

Rekstrarhreyfingar	
Tekjuafgangur (halli) ársins	4.883.486
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:	
Afskriftir rekstrarfjármuna	56.855
Verðbætur langtímalána	1.636.545
Verðbætur námslána	(3.823.912)
Framlag í afskriftarsjóð	<u>3.504.318</u>
	Veltufé frá rekstri
	6.257.290
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	<u>(3.233.808)</u>
	Handbært fé frá rekstri
	<u>3.023.483</u>

Fjárfestingahreyfingar

Veitt námslán	(8.833.032)
Afborganir námslána	11.104.933
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	<u>(82.677)</u>
	2.189.223

Fjármögnunarhreyfingar

Tekin lán	5.000.000
Afborganir langtímalána	<u>(6.583.421)</u>
	(1.583.421)

Hækkun á handbæru fé

3.629.284

Handbært fé í ársbyrjun 7.637.732

Handbært fé í lok árs 11.267.016

Aðrar upplýsingar

Greiddir vextir af langtímaskuldum	3.546.942
Innborgaðir vextir af útlánum	1.576.115
Innborgaðir vextir af bankainnstæðum	255.714

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Lánasjóðs íslenskra námsmanna byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Starfsemin á árinu.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri sjóðsins um 4.883 millj. kr. á árinu 2017. Heildareignir námu 196.175 millj. kr. í árslok. Heildarskuldir námu 100.084 millj. kr. og bókfært eigið fé 96.092 millj. kr.

Ársverk hjá sjóðnum voru 28,41 á árinu 2017.

Núvirði útlána í árslok 2017 nemur 148.196 millj. kr. sem er 35.422 millj. kr. lægra en bókfært verðmæti útlána. Ítarlegri útskýringu á þessu má sjá í skýringu 18.

Áhættustýring.

LÍN notar umgjörð samhæfðrar áhættustýringar til að tryggja að áhættur séu skilgreindar og að þeim sé stjórnað á skipulegan hátt til að ná hæfilegri fullvissu um að yfirsýn og skilningur á áhættum í starfsemi LÍN sé til staðar á hverjum tíma á öllum sviðum í starfseminni. Í fyrstu útgáfu áhættustefnu sem stjórn LÍN samþykkti í október 2016 miðast umgjörðin við rekstraráhættur LÍN sem eru í reglubundinni vöktun yfir árið en aðrar helstu áhættur hafa verið skilgreindar og eru mældar að lágmarki árlega, sjá nánar í skýringu 17.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. mars 2018.

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna,

Eygló Harðardóttir formaður.

Lárus Sigurður Lárusson

Teitur Björn Einarsson

Jóhann Gunnar Þórarinsson

Hildur Björgvinsdóttir

Sigrún Elsa Smáradóttir

Ragnar Auðun Árnason

Rebekka Rún Jóhannesdóttir

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna og mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir árið 2017, í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskiladæferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2017, efnahag hans 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð sjóðnum samkvæmt ákvæðum síðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði síðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og víðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sjóðsins. Stjórnendum sjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallarþættir eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 22. mars 2018.

PricewaterhouseCoopers ehf.,

Arna G. Tryggvadóttir, löggiltur endurskoðandi.